

123. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunarheimilisins Klausturhóla

haldinn í kapellu Klausturhóla 19/06 2019 kl 16:00

Mættir eru nefndarmenn: Sveinn Hreiðar Jensson formaður, Elín Heiða Valsdóttir, Anna María Ólafsdóttir og Fanney Ásgeirs dóttir. Einar Bárðarson boðar forföll og í hans stað er mætt Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Einnig eru mættar Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóri og Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri Sigrún Gabréla Lövdal fulltrúi starfsmanna.

Formaður býður fundarmenn velkomna, sérstaklega Sigrúnu Gabrélu sem er að sitja sinn fyrsta fund fyrir hönd starfsmanna, setur fundinn og síðan er gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Matthildur fer yfir skýrslu hjúkrunarforstjóra,

Vistunarmál í góðum málum og rekstarlega séð er staðan góð að sögn hj. forstjóra.

Eins og staðan er þá er húsið fullt, þ.e öll herbergi hússins nýtt. Matsalur rúmar ekki alla eins og er. Mönnunarmál í góðum farvegi, að sögn hjúkrunarforstjóra er fullmannaoð en skortur á húsnæði fyrir starfsmenn.

Þörf á að endurnýja eða halda við ýmsum hjálpartækjum, rúm, náttborð og ýmis tól og tæki. Mörg rúm eru frá opnum hússins frá árinu 1996 og því komin til ára sinna. Hj. forstjóra falið að kanna viðhaldsbörf og/eða afla nýrra tilboða eftir sem við á.

Breytingar á starfi hjúkrunarforstjóra í farvatninu.

Lyfjastofnun komu í úttektarheimsókn á haustmánuðum, hj. forstjóri greinir frá því að unnið að úrbótum samkvæmt áætlun í samráði við lyfjastofnun. Þörf er á að kaupa nýjan lyfjaskáp og líklega þarf að útbúa sér lyfjaherbergi og sitthvað fleira smálegt sem þarf að laga. Formaður leggur áherslu á að vinna áfram að úrbótum.

Fyrirspurn frá fulltrúa starfsmanna um bjöllukerfi, eh boríð á bilunum, skv. hj. forstjóra hefur það verið í skoðun í eh tíma og er endurnýjun á fjárhagsáætlun.

2. Ársreikningur 2018

Sveitastjóri kynnir ársreikninginn sem unninn er af KPMG eHf

Rekstrareikningur:

Rekstrartekjur: 225 millj. 444 þús 183 kr

Rekstrarniðurstöður fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld: 219 millj 527þús og 237kr

Rekstrarniðustaða ársins er: 6 millj. 872 þús og 74 kr

SK

Efnahagsreikningur

Eignir samtals: 65 milljónir 937 þús og 181 kr

Eigið fé: 32millj. 742 þús og 757 kr

Eigið fé og skuldir samtals: 65 millj. 937 þús og 181 kr

Staða á handbæru fé: 64 millj. 212þús og 342 kr

Rekstrarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagaðan ársreikning og vísar honum til sveitarstjórnar til samþykktar.

3. Rekstraryfirlit jan til maí 2019

Sveitarstjóri fer yfir fimm mánaða stöðu, rekstur á áætlun.

4. Starfsmannamál

Formaður greinir frá að í framhaldi af niðurstöðum skýrslu Attendus hefur verið unnið að endurskoðun starfslýsinga/stöðugilda hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarforstjóri færst úr skilgreiningunni hjúkrunarforstjóri II yfir í hjúkrunarfostjóri I Stöðugildi hjúkrunarfræðings aukið úr 80% í 100%.

Drög að þjónustusamningi hjúkrunarheimilisins og Skaftárhrepps kynntur, sem snýr annars vegar að skrifstofufþjónustu og hinsvegar viðhaldsdeild fasteigna.

F.H.

Rekstrarnefnd gerir ekki athugasemdir við: framlagðan viðauka við ráðningasamning hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, starfslýsingu hjúkrunarfræðings Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, þjónustusamning Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og Skaftárhrepps.

5. Önnur mál

Sveitarstjóri greinir frá aðgerðaráætlun í framhaldi af niðurst úr vinnu Attendus varðandi mannauðsmál. Um er að ræða hluta af heildaráætlun hjá hreppnum, felur í sér mannauðsstjóra til leigu, undirbúning fyrir jafnlaunavottun, markþjálfun og stjórnendaþjálfun.

Rekstarnefnd gerir ekki athugasemdir og telur þarf að taka þátt í þessu verkefni.

Fleira ekki gert á fundi fundi slitið kl. 18:14

Sveinn Hreiðar Jónasson

Sveinn Hreiðar Jónasson

Elín H. Valsd

Elín Heiða Valsdóttir

Auðbjörg Bjarnadóttir

Auðbjörg Bjarnadóttir

Anna María Ólafsdóttir

Anna María Ólafsdóttir

Fanney Ásgeirsdóttir

Fanney Ásgeirsdóttir

5: